



## Fundargerð

Fundur í skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps  
fimmtudaginn 13. febrúar 2014 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Herdís Erna Matthíasdóttir.  
Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá

### a) Mál til afgreiðslu

#### 1. 1401008 – Hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn, endurnýjun.

*Lögð eru fram drög að hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn/hafnir. Rætt var um þær hafnir sem reglugerðin á að ná yfir. Þær hafnir sem verið er að skoða, auk Reykhólahafnar, eru Flateyjarhöfn og Staðarhöfn. Ekki er tekin ákvörðun um þetta efni á fundinum. Nefndin telur sig ekki hafa forsendur til þess að taka ákvörðun fyrr en gögn hafa borist frá Vegagerðinni varðandi Staðarhöfn og gerð hefur verið athugun á tekjumöguleikum hafnanna. Gögn hafa borist frá Eyjasiglingu varðandi verðmæti eigna Eyjasiglingar á Staðarhöfn. Málinu frestað, samþykkt samhljóða.*

#### 2. 1402013 – Lóð í Flatey

Erindi frá Hákon Markússyni, Hákon Matthíassyni og Indriða Indriðassyni, móttekið 9. janúar 2014.

*Í erindinu er þess óskað að Reykhólahreppur láti mæla upp, hnitsetja og útbúa lóðarblað um lóð í Flatey. Ekki liggja fyrir gögn sem sanna eignarhald á umræddri lóð. Þeir sem telja sig eiga fasteign verða að leggja fram gögn því til sönnunar. Hnitsetning eða uppmæling byggingafulltrúa hefur ekkert gildi hvað eignarhald varðar. Ekki er hægt að afgreiða málið fyrr en frekari gögn liggja fyrir. Samþykkt samhljóða.*

#### 3. 1402014 – Reykhólar, land 207608 – Ósk um niðurfellingu á landnúmeri.

Erindi frá Jarðaumsýslu ríkissjóðs, dagsett 6. febrúar 2014.

*Samþykkt er að fella niður lóðina þar sem hún veldur misræmi og liggur yfir aðrar stofnaðar lóðir. Byggingafulltrúa falið að fella hana út, samþykkt samhljóða.*

#### 4. 1402015 – Skógarland 139680 – Ósk um leiðréttingu á skráningu.

Erindi frá Andlegu þjóðarráði bahá'ía á Íslandi, dagsett 29. janúar 2014.

*Byggingafulltrúa falið að kanna málið frekar og skoða hvort um misræmi er að ræða í skráningu þjóðskrár. Samþykkt samhljóða.*

#### 5. 1402016 – 220107 Hafrafell 3, umsókn um stofnun nýrrar lóðar, rafræn umsókn.

Erindi frá Hafliða G. Guðjónssyni, móttekið 30. janúar 2014.

*Nefndin samþykkir stofnun lóðarinnar og felur byggingafulltrúa að ganga frá skráningu. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1402001 – Umsókn um leyfi til búfjárhalds.**

*Tvær umsóknir hafa borist um leyfi til búfjárhalds, báðar varða búfjárhald á lögbýlum. Skv. samþykkt um búfjárhald í Reykhólahreppi 1161/2013 þurfa aðeins þeir sem halda búfé utan lögbýla að sækja um leyfi til búfjárhalds.*

**b) Mál til kynningar**

**7. 1401002 – Gjaldskrár 2014, vegna reglugerðar fyrir Vatnsveitu Reykólahrepps.**

*Á 360. fundi hreppsnefndar var sveitarstjóra og byggingafulltrúa falið að vinna drög að endurnýjun reglugerðar um vatnsveitu Reykólahrepps. Við könnun kom í ljós að nýbirt gjaldskrá sveitarfélagsins vísar í lög og reglugerð ráðuneytisins um rekstur á vatnsveitum sveitarfélaga og því er ekki þörf á endurnýjun.*

**8. 1402017 – Breytingar á búfjárefirliti.**

Erindi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands, dagsett 15. janúar 2013.

*Lagt fram.*

**9. 1402018 – 362. fundur Hafnasambands Íslands.**

*Fundargerð lögð fram.*

**c) Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin**

**10. Aðalskipulag Reykhólahrepps 2006-2018, lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna breytinga á Reykhólum og Kirkjubóli.**

*Skipulagsfulltrúa er falið að leita umsagnar til viðeigandi stofana og kynningu á lýsingu í samræmi við 30. grein skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Samþykkt samhljóða.*

**Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12.25.**

---

---

---